



Fundargerð

**Svæðisráð suðursvæðis - 78. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn í
Gömlubúð Hornafirði og fjarfundi,
2. mars 2020, kl. 10:00.**

Fundinn sátu:

Matthildur Ásmundardóttir formaður svæðisráðs, Friðrik Jónas Friðriksson varaformaður svæðisráðs, Hjördís Skírnisdóttir fulltrúi sveitafélags, Laufey Guðmundsdóttir aðalfulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu, Sigríður Arna Arnþórsdóttir aðalfulltrúi Samtaka útivistarfélaganna, Snævarr Guðmundsson aðalfulltrúi, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum, Hrafnhildur Ævarsdóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar, Steinunn Hödd Harðardóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar, Gunnlaugur Róbertsson mannvirkja og gæðafulltrúi og Sigurður Óskar Jónsson sérfræðingur.

Fundargerð ritaði: Steinunn Hödd Harðardóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

1. Umsókn um leyfi til siglinga á Jökulsárlóni og Heinabergslóni - 2002036

Iceguide ehf. sækir um leyfi til áframhaldandi siglinga á Jökulsárlóni og Heinabergslóni. *Á fundi svæðisráðs suðursvæðis þann 1.10.2019 mælti ráðið með því að Iceguide ehf. fengi áframhaldandi leyfi fyrir aðstöðukerru og til siglingu kajaka á Jökulsárlóni sumarið 2020. Í ljósi þess að innleiðing atvinnustefnu er í ferli mælti svæðisráð einnig með því að veitt verði tímabundin heimild til siglinga kajaka á Heinabergslóni sumarið 2020. Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs samþykkti þetta á fundi sínum 14.10.2019. Í ljósi þess að innleiðing atvinnustefnu verður líklega vel á veg komin í haust, mælir svæðisráð ekki með því að leyfið gildi lengur en út september 2020.*

2. Jökulsár- og Heinabergslón Umsókn um kayaksiglingar - 2001046

Fyrirtækið Tröllalaferðir ehf. sækir um leyfi til að hefja kajak siglingar með ferðamenn á Jökulsárlóni og Heinabergslóni.

Ekki hefur orðið breyting á stöðu mála við Jökulsárlón frá því að fyrri umsókn var afgreidd. Innleiðing atvinnustefnu Vatnajökulspjóðgarðs er ekki lokið og gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið er í einnig í vinnslu. Auk þess er núverandi athafnasvæði þröngt og býður ekki upp á frekari atvinnustarfsemi, nema með röskun út fyrir núverandi athafnasvæði. Í ljósi þessa getur svæðisráð ekki mælt með að veitt sé leyfi fyrir frekari starfsemi á svæðinu.

Varðandi Heinabergslón, þar sem innleiðing atvinnustefnu Vatnajökulspjóðgarðs er ekki lokið getur svæðisráð ekki mælt með að veitt verði fleiri leyfi en nú eru í gildi til atvinnustarfsemi við eða á Heinabergslóni.

3. Jökulsárlón - Tilraunaleyfi til siglinga S2020 - Arctic Adventures - 2002012

Arctic Adventures hf. sækir um tilraunaleyfi til siglinga með farþega á rafmagnsbáti á Jökulsárlóni sumarið 2020.

Innleiðing á atvinnustefnu Vatnajökulspjóðgarðs er ekki lokið og gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið er einnig í vinnslu. Auk þess er núverandi athafnasvæði þröngt og býður ekki upp á frekar atvinnustarfsemi, nema með röskun út fyrir núverandi athafnasvæði. Í ljósi þessa getur svæðisráð ekki mælt með að veitt sé leyfi fyrir frekari starfsemi á svæðinu.

4. Umsókn um leyfi til SUP ferða á Hoffellslóni - 2002018

Local Icelander ehf. sækir um leyfi til SUP ferða á Hoffellslóni sumarið 2020.

Svæðisráð fagnar áhuga á nýrri tegund afþreyingar á svæðinu, en í ljósi þess að innleiðing á atvinnustefnu Vatnajökulspjóðgarðs er ekki enn lokið getur svæðisráð ekki mælt með að veitt sé leyfi fyrir starfsemi á svæðinu.

5. Stjórnunar- og verndaráætlun Jökulsárlón og Þjóðlendur - 1709003

Kynning á fyrstu drögum stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Breiðamerkursand.

Gestir

Þorvarður Árnason - 13:00

Þorvarður kynnti stöðu á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand. Vinnan er vel á veg komin, og er nauðsynlegt að klára vinnuna sem fyrst.

6. Vegagerðin - Beiðni um efnistöku við Nýgræðukvísl - 2002014

Vegagerðin hefur óskað eftir mögulegri efnistöku á námusvæðinu við Nýgræðukvíslar.

Gestir

Þorvarður Árnason - 00:00

Svæðisráð felur aðstoðarmönnum þjóðgarðsvarðar að afla nánari upplýsinga um málið.

7. Utanvegaakstur 2020 - 2002034

Utanvegaakstur við veg inn í Þröng.

Svæðisráð harmar þær skemmdir sem nú þegar hafa verið gerðar í umhverfi vegarins inn í Þröng. Svæðisráð felur aðstoðarmanni þjóðgarðsvarðar að senda erindi til rekstraraðila á svæðinu og koma þeim upplýsingum sem fyrir liggja til lögreglu.

8. Viðbragðsvakt í Öræfum - 2002027

Tillögur um samstarf um viðbragðsvakt í Öræfum.

Svæðisráð styður þessa tillögu heilshugar og hvetur stjórn til þess að tryggja fjármagn svo hægt sé að koma verkefninu í framkvæmd sem fyrst. Svæðisráð telur að möguleikar felist t.d. í leyfisgjöldum fyrirtækja á svæðinu.

9. AMR - Svínafellsjökull - Nýr áningarstaður - 2001008

Tillaga þjóðgarðsvarðar varðandi breytingar á bílastæði og vegstæði við Svínafellsjökul.

Svæðisráð er jákvætt gagnvart þessari hugmynd. Ráðið leggur áherslu á að umferð um Hafráfellsveg verði takmörkuð, en að hann verði þó aðgengilegur fyrir ákveðna hópa, s.s. viðbragðsaðila, vísindamenn, starfsfólk þjóðgarðsins og fjallaleiðsögumenn og ferðafélög á leið á Hnútsfjallstinda. Samhliða þyrfti að bæta áningarstað austan megin brúar yfir Sakftafellsá.

10. Skaftafell - Framtíðarsýn og stefnumótun - 1909031

Aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar (HÆ) kynnir fyrstu hugmyndir að fræðslutorgi í Skaftafelli.

Svæðisráð fagnar framkomnum hugmyndum að fræðslutorgi í Skaftafelli og fulltrúar svæðisráðs hlakka til að vera viðstaddir opnun í júní.

11. Umsögn svæðisráðs vegna stöðuleyfisumsóknar Arctic Adventure í Skaftafelli - 2002041

Bæjarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar óskar eftir umsögn við eftirfarandi bókun:

Umsókn Arctic Adventures hf. þar sem sótt er um stöðuleyfi fyrir nýtt afgreiðsluhúsnæði

fyrir ferðaþjónustufyrirtæki í staðinn fyrir húsnæði sem var fyrir á staðnum en eyðilagðist í bruna nýlega.

Arctic fengu stöðuleyfi til fjögurra mánuða og eru að sækja um endurnýjun. Bæjarráð vill fá staðfestingu á vilja Vatnajökulspjóðgarðs til að heimila veitingu stöðuleyfis áður en það er gert. Byggingafulltrúi mælti með að gefa undantekningu og veita 12 mánaða viðbótar stöðuleyfi þar sem það stendur til að vinna nýtt deiliskipulag á svæðinu.

Svæðisráð er jákvætt fyrir veitingu stöðuleyfis í samræmi við umsókn.

12. Stjórnunar- og verndaráætlun VJP 2020 - 2023 - 1909029

Farið yfir tillögur að breytingum í stjórnunar- og verndaráætlun.

Aðstoðarmaður þjóðgarðvarðar fór stuttlega yfir stöðu við vinnu að endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar. Gerður hefur verið samningur við Alta sem mun leiða vinnuna.

13. Ósk um undirbúning, viðhald, umsjón, eftirlit og frágang á svelg-sprungu á Breiðamerkurjökli veturinn 2020-2021 - 2002047

Fjögur ferðaþjónustufyrirtæki óska eftir leyfi til samstarfs við undirbúning, viðhald og umsjón með svelg á Breiðamerkurjökli, vestan Jökulsárlóns, veturinn 2020-2021.

Í ljósi þess að vinna við innleiðingu atvinnustefnu er á byrjunarstigi telur svæðisráð ekki tímabært að taka afstöðu til umsóknarinnar. Svæðisráð minnir á að íshellar innan þjóðgarðsins eru ekki umráðasvæði einstakra fyrirtækja. Þrátt fyrir það, þá telur svæðisráð að erindið muni nýtast í undirbúningsvinnu fyrir innleiðingu atvinnustefnunnar.

Fundi slitið kl. 14:40.